

Nr. 17-142 S 107 Diplomat II, RIB farþegabátur.***Farþegi slasast***

Skipaskr.nr. 7821
Útgerð: Ambassador ehf.
Smíðaður: Pólland, 2017, trefjaplast.
Stærð: 10,80 bt.
Mesta lengd: 10,44 m *Skráð lengd:* 9,84 m
Breidd: 3,60 m *Dýpt:* 1,33 m
Vél: Yanmar, 514 kw, árg:2017
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 8



Diplomat©Hilmar Snorrason

Gögn:
Dagbók lögreglu
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. ágúst 2017 var farþegabáturinn Diplomat II (RIB) á siglingu til Akureyrar úr hvalaskoðunarferð. Veður: N 3 m/s, lítill sjór.

Þegar báturinn var staddur í Bakkaál suður af Hjalteyri mætti hann öðrum bát og við það að sigla yfir öldu vegna kjölfars hans skall hann niður. Við þetta kenndi einn farþeganna sér meins og átti erfitt með andardrátt. Slasaði var færður aftar í bátinn og siglt á minnkaðri ferð til hafnar á Akureyri þar sem sjúkrabifreið tók við honum. Í ljós komu meðal annars áverkar á hrygg.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn kvaðst hafa verið á 29 hnúta ferð þegar atvikið átti sé stað;
- að slasaði hafði undirritað formlegt skjal um eigin ábyrgð á ferðinni og skuldbindingu um að fylgja í einu og öllu leiðbeiningum áhafnar um hvernig ætti að bera sig að á siglingunni;
- að skipstjórinn var vanur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en vísar í fyrri álit sín um slys af sama toga þar sem niðurstaðan hefur verið sú að hraði bátsins hafi verið of mikill miðað við aðstæður.